



GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis-, framkvæmda-, skipulags- og þjónustugjöld í Reykhólahreppi.

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1 Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.
- 1.2 Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

2. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Fyrir byggingarleyfi skv. 9. gr. sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, skal greiða gjöld sem hér segir:

- 2.1 **Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttar.** Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Einbýlishús kr. 232.719

Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð kr. 195.973 pr. íbúð

Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum kr. 166.891 pr. íbúð

Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri kr. 141.433 pr. íbúð

Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum eða fleiri kr. 119.859 pr. íbúð

- 2.2 **Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:**

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttar. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama

húsnæði með íbúðum, gólfplötur allt að 500 m² kr. 232.719.

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama

húsnæði með íbúðum, gólfplötur stærri en 500 m² kr. 314.170.

- 2.3 **Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:**

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttar. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Frístundahús stærri en 50 m² kr. 232.7719.

Smáhýsi minna en 50 m² kr. 17.498.

Smáhýsi frá 10 m² að 25 m² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús) kr. 58.180.

Frístundahús 25-50 m² kr. 116.359.

Sólstofur, bílageymslur og viðbyggingar allt að 20 m² kr. 58.180.

Sólstofur, bílageymslur og viðbyggingar 20-100 m² kr. 116.359..

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru minni en 100 m² kr. 116.359.

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 m²
skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld nýbygginga.

Vélageymslur/korngeymslur allt að 150 m² (ef stærra en 150 m²
gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði) kr. 131.232.

Fjárhús, fjós og hesthús og/eða sambærileg hús allt að 150 m²
(ef stærra en 150 m², gildir sama gjald og um væri að ræða
atvinnuhúsnæði) kr. 131.232.

Gróðurhús allt að 150 m² (ef stærra en 150 m², gildir sama
gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði) kr. 131.232.

Gjald vegna húsa s.s. sumarhúsa sem flutt eru inn á svæði
Reykholahrepps fullbúin og sett á tilbúna undirstöður kr. 116.359.

3. gr.

Þjónustugjöld.

3.1 Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir, sbr.

51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

3.1.1 Afgreiðslugjald kr. 15.923.

3.1.2 Endurskoðun aðaluppdráttar kr. 20.035.

3.1.3 Breytt notkun á mannvirkjum kr. 78.062.

3.1.4 Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla kr. 51.618.

3.1.5 Úttekt vegna meistaraskipta kr. 51.618.

3.1.6 Úttekt vegna byggingarstjórnarskipta kr. 51.618.

3.1.7 Úttekt vegna rekstrarleyfis kr. 51.618.

3.1.8 Húsaleiguúttektir á íbúðarhúsnæði kr. 51.618.

3.1.9 Húsaleiguúttektir á atvinnuhúsnæði kr. 51.618.

3.1.10 Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi kr. 48.486.

3.1.11 Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fnr. > 5 kr. 6.649.

3.1.12 Tímabundin stöðuleyfi kr. 31.496.

3.1.13 Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar, óendurkræft kr. 40.420.

3.1.14 Breyting og gerð á nýjum lóðarleigusamningi kr. 57.392.

3.1.15 Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs kr. 31.496.

3.1.16 Aukaúttekt kr. 18.186.

3.1.17 Aukamæling á útsetningu húss kr. 89.238.

3.1.18 GPS mæling/lóðaruppráttur (4-6 punktar) kr. 78.739.

3.1.19 Stofnun lóðar kr. 51.175.

3.1.20 Niðurrif mannvirkja kr. 15.787.

Útrentun á gögnum, teikningum eða öðrum tilheyrandi skjölum (svart/hvítt):

A4 = kr. 70.

A3 = kr. 149.

A2 = kr. 525.

A1 = kr. 875.

Útrentun á deiliskipulagsuppráttum o.fl. í lit:

A4 = kr. 262.

A3 = kr. 437.

A2 = kr. 875.

A1 = kr. 1.750.

4. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

- 4.1 Fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu** samkvæmt 13. gr. sbr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:

Að meginreglu skal sá sem óskar eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem verkið hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppráttar, breytinga á uppráttum auglýsinga og kynninga vegna málsins.

- 4.2 Skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjalddöku** ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

- 4.3 Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprtrar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald** vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa sem er 15.004 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

Kostnaður vegna skipulagsvinnu.

- 4.4 Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:**

Afgreiðslugjald kr. 15.923.

Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 36. gr., krafðið skv.

útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald 15.748 kr./klst.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. kr. 472.436.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. kr. 314.957.

- 4.5 Kostnaður vegna nýs deiliskipulags:**

Afgreiðslugjald kr. 15.923.

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr., krafðið skv. útlögðum

kostnaði, viðmiðunargjald kr./klst. 15.748.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. kr. 209.972.

4.6 Kostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagsuppdraetti, sbr. 1. mgr. 43. gr., krafið skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald kr./klst. 15.748.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr. kr. 209.972.

4.7 Kostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagsuppdraetti, sbr. 2. mgr. 43. gr., krafið skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald kr./klst. 15.004.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr. kr. 69.991.

4.8 Kostnaður vegna grenndarkynningar:

Grenndarkynning kr. 69.991.

Grenndarkynning, minniháttar kr. 30.621.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

4.9 Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.

4.10 Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skyld er að framkvæma.

4.11 Vegna aðkeyptrar vinnu við framkvæmdaleyfi sem nauðsynleg er vegna útgáfu þess skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

4.12 Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þeirrar vinnu hluti af útlögðum kostnaði þess við útgáfu framkvæmdaleyfisins.

4.13 Fyrir framkvæmdaleyfi skal greiða gjöld sem hér segir:

Afgreiðslugjald kr. 15.923.

Framkvæmdaleyfi - framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, krafið skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald kr./klst. 15.748.

Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir, krafið skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald kr./klst. 15.748.

Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin

í framkvæmdaleyfisgjaldi kr. 15.923.

Umsýsla og yfirferð gagna kr. 24.497.

Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar kr. 15.923.

Áfangaúttekt kr. 63.166.

5. gr.

Gjaldddagi, lögveð.

- 5.1 Gjaldddagi afgreiðslugjalda** er við afgreiðslu umsókna.
- 5.2 Gjaldddagi leyfisgjalda** er við útgáfu leyfis.
- 5.3 Gjaldddagi þjónustugjalda** er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.
- 5.4 Afgreiðslugjöld** eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.
- 5.5 Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur.** Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

6. gr.

Verðlagsbreytingar.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í desember 2025 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps þann 10. desember 2025 er í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010. Gjaldskráin er birt í B- deild Stjórnartíðinda og öðlast gildi við birtingu, á sama tíma fellur út gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1818/2024.

Reykhólahreppi 15. desember 2025

Ólafur Þór Ólafsson

sveitarstjóri